

Fundargerð 845. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 16. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 844. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 844. fundar frá 25. nóvember 2016.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar 2016 - 1601005SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar frá 7. desember 2016.

3. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga - 1511182SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 23. nóvember 2016, með samantekt um fjárhagsáætlanir 10 stærstu sveitarfélaganna, sem hann gerði nánari grein fyrir og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

4. Frumvarp til fjárlaga 2017 - 1511183SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 12. desember 2016, um frumvarp til fjárlaga 2017. Einnig lögð fram umsögn sambandsins, dags. 14. desember 2016, um frumvarp um forsendur fjárlaga 2017.

5. Siðanefnd sambandsins - 1604033SA

Lögð fram fundargerð 11. fundar siðanefndar sambandsins frá 23. nóvember 2016. Einnig lagt fram álit siðanefndar sambandsins til borgarráðs Reykjavíkur, Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur, umboðsmanns borgarbúa og Bílastæðasjóðs Reykjavíkur, dags. 29. nóvember 2016, vegna 2. töluliðar í fundargerð nefndarinnar.

6. Málefni grunnskólans - bókanir með kjarasamningi árið 2016 - 1605090SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 14. desember 2016, um málefni grunnskólans og bókanir með kjarasamningi árið 2016.

Sviðsstjóri kjarasviðs gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og ræddi um líkleg áhrif kjarasamningsins við FG á framkvæmd bókana í öðrum kjarasamningum

sambandsins. Þá greindi sviðsstjóri kjarasviðs frá stöðu kjaraviðræðna við tónlistarskólakennara og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

7. Landsþing 2017 - 1611026SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 12. desember 2016, með hugmynd um umfjöllunarefni á landsþingi 2017.

Framkvæmdastjóra falið, ásamt starfsmönnum sambandsins, að vinna að undirbúningi landsþingsins á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum og leggja fram drög að dagskrá á næsta fundi.

8. Starfsáætlun sambandsins 2016 með mati á árangri - 1601019SA

Lögð fram starfsáætlun sambandsins 2016 með mati á árangri.

9. Starfsáætlun sambandsins 2017 - 1610033SA

Lögð fram til staðfestingar starfsáætlun sambandsins 2017.

Stjórnin staðfesti framlagða starfsáætlun fyrir árið 2017.

10. EFTA Sveitarstjórnarvettvangur - 1602003SA

Lagt fram til kynningar minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 6. desember 2016, um 14. fund EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins í Brussel 14.–15. nóvember 2016.

11. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á umferðarlögum - 1612004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 5. desember 2016, um frumvarp um drög að breytingum á umferðarlögum.

12. Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1605115SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 12. desember 2016, um drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

13. Karlar í yngri barna kennslu - 1606100SA

Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 7. desember 2016, um afgreiðslu á umsókn um styrk vegna verkefnisins karlar í yngri barna kennslu, ásamt erindi sambandsins, dags. 9. nóvember 2016, þar sem styrkbeiðnin var rökstudd.

Í lok fundar þakkaði formaður stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða. Jafnframt óskaði hann stjórnarmönnum og starfsmönnum sambandsins gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Næsti fundur er ráðgerður 27. janúar 2017.

Fundi var slitið kl. 14:20.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari